

Fundargerð

stjórnarfundur Félagsbústaða haldinn 3. febrúar kl. 16 að Þönglabakka 4

Mætt: Haraldur Flosi Tryggvason, Laufey Ólafsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Sigrún Árnadóttir sem jafnframt ritaði fundargerð. Heiða og Laufey tengdust fundinum rafrænt.

- 1. Fundargerð stjórnarfundar 13. desember**
Fundargerðin lögð fram og samþykkt.
- 2. Skýrsla um starfsemina árið 2021**
Farið var yfir skýrslu um starfsemi ársins.
Lagt fram til kynningar og umræðu.
- 3. Íbúðir fatlaðra**
Fyrir fundinum lá minnisblað vegna íbúða í umsjá Félagsbústaða en í eigu Brynju hússjóðs og Þroskahjálpar.
Stjórn heimilaði framkvæmdastjóra að eiga viðræður við forsvarsmenn Brynju og Þroskahjálpar um íbúðirnar.
- 4. Málefni leigjanda: trúnarðarmál**
Að beiðni formanns var lögð fram samantekt í máli leigjenda vegna kvartana sem bárust formanni. Eftir kynningu var stjórn sammála um að málið hafi verið sett í réttan farveg af hálfu Félagsbústaða.
Stjórn fól framkvæmdastjóra að bjóða viðkomandi leigjanda að eiga frekara samtál með húsnæðisfulltrúa ef ef vilji er til þess að hálfu viðkomandi“
- 5. Skoðanakönnun meðal borgarbúa**
Farið var yfir skoðanakönnun meðal borgarbúa um viðhorft til Félagsbústaða og starfseminnar.
Lagt fram til kynningar og umræðu.
- 6. Árangursmat stjórnar**
Samkvæmt starfsreglum skal stjórn árlega meta störf sín, verklag, þróun félagsins og frammistöðu framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda.
Formaður fór yfir niðurstöður matsins.
- 7. Starfsreglur stjórnar**
Farið var yfir starfsreglur stjórnarinnar sem endurskoðaðar eru árlega.
Ekki er ástæða til að gera breytingar á starfsreglunum.
- 8. Endurskoðun á stefnum: a. innkaupastefna, b. stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi**

Samþykktar voru breytingar á innkaupastefnu og breytingar á stefnu gegn einelti, áreitni og ofbeldi.

9. Önnur mál

- a. lagt var fram minnisblað frá innri endurskoðanda vegna innri endurskoðunaráætlunar dags. 1. mars 2021 til 31. desember 2022.
- b. Rætt var og farið yfir verklag sem við er haft vegna viðgerða á íbúðum í búsetu.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl.18.00

Haraldur Flosi Tryggvason

Heiða Björg Hilmisdóttir

Laufey Ólafsdóttir